

Alþingi
Erindi nr. P 130/2093
Þomudagur 23.4.2004



Alþingi Íslendinga
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 19. apríl 2004

Tilvísun: FEL04030058/0005/gath/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þskj. 844-565. mál.

Með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þskj. 844-565 mál, er lagt til að heimildir Jafnréttisstofu til að kalla eftir upplýsingum og rannsaka mál verði rýmkaðar. Einnig er lagt til að kærunefnd jafnréttismála geti við meðferð kærumála falið Jafnréttisstofu að afla allra tiltækra upplýsinga og gagna með hliðsjón af upplýsingaskyldunni.


Í 3. gr. laga nr. 96/2000 er kveðið á um verkefni sem heyra undir Jafnréttisstofu, ekki er um að ræða tæmandi talningu. Samkvæmt a-lið 3. gr. laganna er það hlutverk Jafnréttisstofu að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Í f-lið sömu greinar er það hlutverk Jafnréttisstofu að fylgjast með þjóðfélagsþróun í jafnréttismálum m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum. Með lögunum, var skýrar en áður kveðið á um eftirlitshlutverk Jafnréttisstofu.

Jafnréttisstofa hefur samkvæmt gildandi lögum nr. 96/2000 heimild til að kalla eftir gögnum til að upplýsa mál og rannsaka mál. Takmörkuð reynsla hefur fengist af notkun ákvæðisins. Með hliðsjón af því telur félagsmálaráðuneytið ekki þörf á því að rýmka þær heimildir sem fyrir eru.

Hlutverk kærunefndar jafnréttismála er að taka til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um það hvort ákvæði laganna hafi verið brotin, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 96/2000. Kærunefnd jafnréttismála er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd, sem hefur samkvæmt lögunum heimild til að afla gagna vegna þeirra mála sem hún hefur til umfjöllunar, sbr. 6. gr. laganna. Félagsmálaráðuneytið telur þær heimildir sem nefndin hefur samkvæmt lögunum til að afla upplýsinga við meðferð mála þjóna þeim hagsmunum sem stefnt er að við afgreiðslu mála hjá kærunefnd jafnréttismála. Um er að ræða sjálfstæða nefnd sem óeðlilegt er að sé háð ákveðninni stofnun innan stjórnarsýslunnar við öflun gagna.

Með hliðsjón af framangreindu telur félagsmálaráðuneytið ekki tímabært að mæla með umræddum breytingum á lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

F. h. r.


Gylfi Kristinsson / Guðrún A Þorsteinsdóttir